



ÚTÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 2. júlí 2003 • 26. tbl. • 20. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Aðalmeðferð í máli ríkislögreglustjóra gegn útgerð og áhöfn Bjarma BA

Mættu í dóminn með körfur af fiskum og vildu leggja fram sem gögn

Á föstudag var í Héraðsdómi Vestfjarða framhaldið aðalmeðferð í máli ríkislögreglustjóra gegn útgerð og skipstjóra Bjarma BA á Tálknafirði. Ákærðu er gefið að sök að hafa kastað fyrir borð að minnsta kosti 53 þorsum af afla skipsins í veiðiferð úti af Vestfjörðum dagana 3. og 4. nóvember 2001 og þannig brotið gegn lögum um umgengni um nýttastofna sjávar. Hið meinta brottkast var tekið upp á myndband og sýnt í fréttum Sjónvarpsins stuttu síðar. Fyrir

dóm voru kallaðir þeir Magnús Þór Hafsteinnsson, alþingismaður og þáverandi fréttamaður Sjónvarpsins, og Friðþjófur Helgason myndatökumaður.

Þegar dómþing var hafið komu í hús áhafnarneðlimir af Bjarma BA með körfur af fiskum sem þeir vildu meina að væru selbitnir og sýktir. Vildu skipverjarnir fá að leggja fiskana fram sem sönnunargagn með það í huga að sýna að reyndir sjómenn geti séð á óunnum fiski hvort hann sé sýktur eða ekki.



Áhafnarneðlimir af Bjarma BA með fiskana. Í bakgrunni eru þeir Magnús Þór Hafsteinnsson og Niels Ársælsson, útgerðarmaður og skipstjóri Bjarma.

Norska frystiskipið Remøy Fjord landaði á Ísafirði í síðustu viku

Markaðsstarf skilar árangri

Norska frystiskipið Remøy Fjord kom til Ísafjarðar í síðustu viku með 220 tonn af iðnaðarrækju til löndunar. Það sem hvað merkilegast er við þessa löndun er að hún kemur í kjölfar markaðsstarfs sem sjálfskipið fjögurra manna nefnd hefur unnið að síðan á áramótum.

„Við höfum verið að markaðssetja okkur gagnvart erlendum fiskiskipum sem eru með óseldan afla sem þarf að geyma. Við höfum hist nokkrum sinnum á fundum í vetur og unnið að kynningu og þetta er fyrsta af vonandi mörgum

skipum sem koma til að geyma afla“, segir Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri Ísafjarðarbæjar.

Aðrir í nefndinni eru Gunnar Jónsson og þeir Ólafur Halldórsson og Kári Jóhannsson, en sá síðastnefndi átti hugmyndina að þessu markaðsstarfi „Þetta er að vísu ekki öruggur markaður sem verið er að róa á, en komur þessara erlendu fiskiskipa valda miklum umsvifum og skila miklum tekjum fyrir löndunarstarfsmenn, frystigeymslur, höfnina og fleiri aðila“, sagði Guðmundur. – halfdan@bb.is



Remøy Fjord við komuna til Ísafjarðar í síðustu viku.

SAMKAUP!
- aðildir og gætur

OPÍÐ:

Virka daga
kl. 09 - 21

Laugardaga
kl. 10 - 21

Sunnudaga
kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!
- aðildir og gætur

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460



SKIP OG BÍLL - HEILDARLAUSN Í FLUTNINGUM



Útgefandi:

H-prent ehf.
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður
Sími 456 4560,
Fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðmenn:

Kristinn Hermannsson
sími 863 1623
kristinn@bb.is
Hálfadán Bjarki Hálfadánsson
sími 863 7655
hafldan@bb.is

Ritstjóri netútgáfu:

Hlynur Þór Magnússon
sími 892 2240
hlynur@bb.is

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson
sími 894 6125,
halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson og
Halldór Sveinbjörnsson

Umboðsaðilar BB:

Eftirtaldir aðilar sjá um
dreifingu á blaðinu á þétt-
býlisstöðum utan Ísa-
fjarðar: **Bolungarvík:**
Sólveig Sigurðardóttir,
Hlíðarstræti 3, sími 456
7305. **Súðavík:** Sólveig
Gísladóttir, Arnarflöt 7, sími
456 4106. **Suðureyri:**

Deborah Anne Ólafsson,
Aðalgötu 20, sími 898
6328. **Flatøyri:** Gunnhildur
Brynjólfadóttir, Brimnesvegi
12a, sími 456 7752.

Þingeyri: Anna Signý
Magnúsdóttir, Hlíðargötu
14, sími 456 8233.

Sölustöðir á Ísafirði:

Hamraborg, Hafnarstræti
7, sími 456 3166. **Flug-
barinn,** Ísafjarðarflugvelli,
sími 456 4772. **Bónus,**
Ljóninu, Skeiði, sími 456
3230. **Bókhlaðan,** Hafn-
arstræti 2, sími 456 3123.

Bensinstöðin, Hafnarstræti,
sími 456 3574. **Samkaup,**
Hafnarstræti 9-13, sími 456
5460. **Krilló,** Sindragata 6,
sími 456 3556.

Lausasöluverð er kr. 250
eintakið m.vsk. Áskrifarverð
er kr. 215 eintakið. Veitur
er afsláttur til elli- og
örorkulífeyrisþega. Einnig
sé greitt með greiðslukorti.

Fornleifakönnun hafin á hinu forna bæjarstæði á Eyrartúni á Ísafirði

Ætlunin að kanna ástand og umfang minja á svæðinu

Hópur fræðimanna frá Fornleifastofnun undir stjórn Adolfs Friðrikssonar hófu í dag gróft þriggja könnunar- skurð á bæjarhólum á Eyrartúni á Ísafirði. Adolf segir ætlunin að kanna ástand og umfang minja á þessu forna bæjarstæði en markmiðið sé að leggja mat á það hvort áhuga-vert sé að fara í eiginlegan uppgröft á svæðinu seinna meir. „Við gröfum niður að minjum en röskum engu fyrir frekari rannsóknum. Hér eru mannvistarleifar strax undir grasótinni og við erum þegar farin að sjá ósku, torf og steinvegg“, segir Adolf.

Varðandi ástand hugsan- legra minja í hólum telur Ad- olf að honum hafi lítið verið raskað í gegnum tíðina en gerð kirkjugarðsins við Ísafjarðar- kirkju kunnig að hafa skert hann

eithvað. Eins hafi komið ljós bein og fleiri leifar þegar sökk- ull var tekinn að minnismerki Ragnars Kjartanssonar mynd- höggvara um druknaða sjó- menn. „Gamla sjúkrahúsið stendur það langt fyrir utan hólinn að sennilega hefur bygging þess árið 1925 ekki haft nein áhrif. Eins hefur sá hluti hans sem nær inn á lóð leikskólans Eyrarskjóls fengið halda sér óbreyttur og einungis verið girt snyrtilega yfir hann. Aðalatriðið er að hér hefur ekki verið vaðið yfir með vinnuvélum en síðan á eftir að koma í ljós hvernig varð- veisluskilyrði í jarðveginum eru, t.d. fyrir bein“, segir Ad- olf.

Hvað umfang minjanna varðar telur Adolf líklegt að þar sé margt forvitnilegt að finna. „Hóllinn er nokkuð við-

femur og þó hér kunnig að hafa verið örliðill hóll frá náttúr- unnar hendi í upphafi má telja líklega að hann samanstandi að miklu leyti af mannvistar- leifum sem hafi safnast hérna upp í gegnum aldirnar. Það er mjög áhugavert að takast á við þetta verkefni. Fornleifar hafa lítið verið kannaðar á Vestfjörðum og í heimildum um tímabilið fyrir 1700 eru mjög stór göt sem ekki er hægt að fylla upp í nema með forn- leifafreftri“, segir Adolf.

Könnunin er unnin af frum- kvæði menningarmálanefndar Ísafjarðarbæjar með tilstyrk Fornleifasjóðs. Að verkefninu vinna auk Adolfs fornleifa- fræðingarnir James Taylor, Guðrún Alda Gísladóttir og Freyja Sadarangani. Einnig hafa þau notið aðstoðar vaskra pílta frá garðyrkjueldi Ísa-



Unnhór og Teitur einbeittir við gröftinn.

fjarðarbæjar þeirra Ívars Pét- urssonar, Unnhórs Jónssonar og Teits Ásgeirssonar sem Adolf segir hafa tekst á við verkið af miklum dugnaði. „Við erum að vinna hérna

við finar aðstæður og höfum fengið afskaplega góðar við- tækur af hálfu bæjaryfirvalda. Það hjálpar mikið til“, sagði Adolf.

kristinn@bb.is

Fimmtán erlendir arkitektanemar

Teikna upp friðaðar kirkjur

Undanfarna daga hefur hópur fimmtán nemenda arkitektaskóla í Árhúsum í Danmörku dvalið á Vest- fjörðum og unnið á vegum húsafriðunarnefndar við að mæla og teikna upp friðaðar kirkjur á svæðinu. Hópurinn er fjölþjóðlegur, en nemend- umir eru frá Ítalíu, Spáni, Frakklandi, Svíþjóð, Noregi og Danmörku. Kennari

nemanna hefur oft áður komið með nema hingað til lands í svipuðum erinda- gjörðum og vann meðal annars við að teikna upp

húsin í Neðstakaupstað á Ísa- firði þegar hafist var handa við varðveislu þeirra á áttunda áratug síðustu aldar.

Í gær hélt hópurinn til Aðal- víkur og teiknar upp Staðar- kirkju, en auk hennar verða Holtskirkja, Valþjófsdals- kirkja, Mýrarkirkja og Staðar- kirkja í Súgandafirði mældar upp og teiknaðar. Heyrst hefur að fiskhjallar milli Ísafjarðar og Hnífsdals hafi vakið gríðar- lega athygli meðal erlendu arkitektanemanna sem hafi myndað þá í gríð og erg.

halfdan@bb.is



Tveir nemendanna vinna við að teikna upp Kirkjubólskirkju í Valþjófsdal í Öndurafirði. Mynd: Sigríður Magnúsdóttir.

RIITSTJÓRNARGREIN

Tekjuskipting ríkis og sveitarfélaga

Á nokkrum árum hafa sveitarfélögin í landinu tekið að sér ýmis verkefni, sem áður var talið sjálfsgagt að væru á vegum ríkisvaldsins. Má þar m.a. tilnefna rekstur Grunnskólans. Allt er þetta hið besta mál, svo langt sem það nær. Enda enginn ágreiningur milli ríkis og sveitarstjórna um að sveitarfélögin taki að sér aukin verk- efni, sem verða mættu þeim til hagsbóta og styrkja þau sem einingar.

Við upphaf verkefnaflutninga frá ríki til sveitarfélaga var mönnum ljóst að ekki yrði hjá því komist að styrkja tekjustofna sveitarfélaga, enda þau engan veginn í stakk búin til að takast á við umfangsmikil og fjárfrek verkefni nema á móti kæmu verulega auknar tekjur. Um þetta var ekki deilt og eðlilegt talið, að ríkið afsalaði sér tekjum sambærilegum þeim kostnaði sem það losnaði undan við flutning verk- efna.

Hvað þetta varðar verður að segjast eins og er að þetta hefur ekki gengið eftir. Sveitarfélögin og samtök þeirra hafa margsinnis bent á að meðlag ríkisins með verkefnum hefur engan veginn nægt til að mæta þeim kostnaði, sem yfirtaka verkefnanna hefur haft í för með sér. Sveitarfélögin hafa því borið skarðan hlut frá borði hvað þetta varðar og setið uppi með útgjöld, sem áður tilheyrðu ríkissjóði. Á

þetta ekki síst við í sambandi við Grunnskólann. Hingað til hafa sveitarfélögin ekki haft erindi sem erfiði við að fá hlut sinn leiðréttan.

Eina ferðina enn er nú gerð tilraun til að vekja athygli ríkisvaldsins á nauðsyn þess að rétta hlut sveitarfélaganna og eftirláta þeim þær tekjur, sem óumdeilanlega var ætlað að fylgdu verkefnum, sem sveitarfélögin tóku í sínar hendur, þótt raun- in hafi orðið önnur. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, orðar það svo að ekki sé seinna vænna að endurskoða tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Og hann bætir við, að verði hlutur sveitarfélaganna ekki bættur blasi ekkert annað við en niðurskurður á þjónustu við íbúana. Varla hefur það verið tilgangur ríkisvaldsins með flutningunum?

Sveitarstjórnarmenn hafa sætt þeim ákúrum, að á sama tíma og ríkið sé að greiða niður skuldir hrannist þær upp hjá sveitarfélögum. Til að gagnrýni af þessu tagi sé réttmæt verða forsendur hennar að vera réttar. Þegar sveitarfélögin hafa fengið þann hluta þjóðarkökunnar, sem ítrekað hefur verið bent á að sannanlega þurfi til þeirra verkefna sem þau yfirtóku frá ríkinu, skulum við taka sveitarstjórnarmennina á beinið, standi þeir sig ekki. s.h.

Tilkomumikið stökk á miðju Ísafjarðardjúpi

Jón Reynir Sigurvinsson og Halldóra Hreinsdóttir á Ísafirði fóru í kvöldsiglingu á Pólstjörnunni á mánudagskvöld og sáu þá þennan hnúfubak stökkva á miðju Ísafjarðardjúpi til móts við Ytra Skarð. Jón Reynir segir hvalinn virðast hafa verið í æti og tilkomumikið hafi verið að sjá hann lemja yfirborðið með sporðinum. „Í nokkur skipti stökk hann allur upp úr sjónum og lenti með miklum bægslagangi“, sagði Jón Reynir. Hnúfubakur er skíðishvalur. Hann er fremur stuttur og gildvaxinn, svartur á baki og hvítur að neðan. Hann er 12-19 metrar á lengd og getur orðið 25-48 tonn að

þyngd. Aðalfæðan er ljósáta eða kríli og ýmsir smáfiskar eins og síld og loðna. Þeir fylgja oft loðnunni og valda miklum vandræðum þegar þeir festast í veiðarfærum og eyðileggja þau. Hnúfubakur er farhvalur og kemur hingað til lands á sumrin til að afla sér fæðu. Hann er talinn mesti söngvari allra hvala. Á meðfylgjandi mynd má sjá hvalinn stökkva. Takið sérstaklega eftir bægsulunum, en hnúfubakurinn hefur lengstu bægsli (framlimi) sem þekkjast í náttúrinni. Þau geta orðið allt að sex metrar á lengd. kristinn@bb.is



Hnúfubakurinn stekkur á Ísafjarðardjúpi á mánudagskvöld. Ljósmynd: Halldóra Hreinsdóttir.

Hægt að finna myndir af nær öllum bátum sem tengjast Álftafirði

Sögusafn opnað í Súðavík

Sögusafn verður opnað í Súðavík í þessari viku eða þeirri næstu. Safnið verður til húsa í gamla pósthúsinu, en

Verkalýðsfélag Vestfirðinga á og lánar húsið. Á safninu verður meðal annars að finna myndir af nær öllum bátum

og skipum sem tengst hafa Álftafirði, auk mynda af nær öllum húsum sem byggð hafa verið í Súðavík.



Súðavík. Mynd: Mats Wibe Lund.

Endurbygging gamla barnaskólahússins á Ísafirði

Eiríkur og Einar Valur buðu lægst

Verktakafyrirtækið Eiríkur og Einar Valur hf, áttu lægsta tilboðið í l. áfanga endurbyggingar gamla barnaskólahússins á Ísafirði. Tilboðið hljóðaði upp á kr. 8.240.000,- eða 77% áætlaðs kostnaðar sem er kr. 10.634.000,-. Alls bárust þrjú tilboð í verkið. Múrkraftur

ehf., bauð kr. 10.200.000,- eða 96% af kostnaðaráætlun en tilboð Halldórs Antonssonar hljóðaði upp á kr. 11.085.000,- eða 104% af áætlun.

Fyrsti áfangi felur í sér að skipta um glugga og klæðningu á framhlið hússins, sem snýr út að Aðalstræti. Gert er

ráð fyrir verulegum breytingum á öðrum hliðum þess í samræmi við verðlaunatillögu Einar Ólafssonar og Arnar Þórs Halldórssonar um framtíðarhúsnæði Grunnskóla Ísafjarðar.

kristinn@bb.is

Vestfjarðavíkingurinn 2003

Keppni hefst á morgun í Neðstakaupstað

Afraunamenn keppa um næstu helgi um hinn eftirsótt titil Vestfjarðavíkingurinn. Keppni hefst á fimmtudagsmorgun með svokallaðri „hönd yfir hönd“ dráttarkeppni í Neðstakaupstað á Ísafirði. Um miðjan dag kasta jötnarnir hlutum yfir vegg á Þingeyri, en keppa að lokum í hleðslugrein á Ísafirði. Á föstudag lyfta þeir steinum upp fyrir haus við fossinn Dynjanda í Arnarfirði og keppa síðan í

Herkúlesarhaldi á Bíldudal. Síðla dags væta kapparnir sig á Tálknafirði og keppa þar í sundlaugargreinum.

Á laugardag verður keppt í steinatökum á Hnjóti, krossfestulyftu í Skápadal og dekkjaveltu á Patreksfirði. Um kvöldið gleðjast afraunamennirnir svo saman á balli með hljómsveitinni Pöpum og hylla nýjan Vestfjarðavíking.

halfdan@bb.is



Twin Otter flugvélin Siorarsiooq frá Grænlandsflugi á Ísafjarðarflugvelli.

Danskir vísindamenn rannsaka hafið úr lofti frá Ísafirði

Danskir vísindamenn hafa síðan á fimmtudag unnið að rannsóknum úr lofti yfir Grænlands-sundi, milli Íslands og Grænlands. Til þess nota þeir Twin Otter flugvél frá Grænlandsflugi og

hafa bækistöð á Ísafjarðarflugvelli. Arne Olesem leiðangursstjóri segir þá vera að safna gögnum til rannsókna á hafinu frá Grænlandi allt að ströndum Skotlands og Noregs. Í gær fluttu þeir sig um set til

Hafnar í Hornafirði en þaðan munu þeir kanna hafið milli Íslands og Færeyja í vikutíma. Frá Höfn halda þeir áfram til Færeyja, Skotlands, Shetlandseyja og loks Noregs. -kristinn@bb.is

Jónatan og Góða kaffið

Í Bolungarvík er rekið einmenningsfyrirtækið Gott kaffi ehf. Að vísu er nafn fyrirtækisins ekki í nokkrum tengslum við starfssvið þess, en Gott Kaffi sérhæfir sig í hönnun og smíði á tölvuvefjum. Jónatan Einarsson á og rekur fyrirtækið, en eins og flestir athafnamenn í tölvubransanum er hann að mestu sjálfmenntaður í fræðunum.

Jónatan hefur komið víða við þó ekki sé hann enn orðinn þrítugur. Hann hefur upplifað tímanna tvenna hjá sprotafyrirtækinu Oz og hefur, eins og raunar flestir sem fylgjast með fréttum, orðið var við miklar sveiflur í þessari nýju atvinnugrein.

Purfti ekki að skipta um nafnspjald á hurðinni

Jónatan er fæddur og uppalinn í Bolungarvík og er einn afkomanda hins þekktu athafnamanns Einars Guðfinnssonar. Faðir hans er Einar Jónatansson, framkvæmdastjóri loðnubræðslunnar Gnár, en þar hefur Jónatan verið í hlutastarfi síðastliðið eitt og hálf ár.

„Ég er á gömlu skristofunni hans afa, en þar sem hann er alnafni minn purfti ekki einu sinni að skipta um nafnspjald á hurðinni.“

Frystihús í gámum

Jónatan gekk í skóla í Bolungarvík eins og lög og reglur þessa lands gera ráð fyrir. Að gagnfræðinámi loknu fór hann í Menntaskólann á Ísafirði, eða Framhaldsskóla Vestfjarða eins og hann var þá nefndur.

„Að sjálfsögðu vann ég í bræðslunni á sumrin og eins ég gat með skólanum, sérstaklega á vertíðum.“

Ég var tvo vetur í Menntaskólanum, en fór síðan í Verslunarskólann og byrjaði þar í 1. bekk. Ég hætti strax á öðru ári til að fara að vinna í tölvubransanum.

– Og hvernig bleyttirðu lappirnar í þeim geiranum?

„Áður en ég byrjaði í Versló var ég að vinna við þrívíddar-

grafík hjá Almennu auglýsingastofunni. Ég vann að verk efni fyrir fyrirtæki sem hét Icemac og bjó til frystihús í gámum. Mín aðkoma að þessu var að búa til þrívíddarmyndband sem sýndi hvernig þetta virkaði.“

Bjó til forrit sem enn er notað í bræðslunni

„Árið 1994 fór ég að vinna hjá Oz, eiginlega um leið og ég hætti í Versló. Ég hafði kynnst þeim strákum mjög snemma og hafði mikinn áhuga á því sem þeir voru að gera. Ég fékk að taka þátt í mjög spennandi verkefnum, sá meðal annars um barnaheim í svokölluðum Virtual Oz Browser sem þeir voru með, eins konar spjallrásir með þrívíddargrafík. Einnig vann ég að gerð þrívíddarauglýsinga.“

– Þú hefur sem sagt komið að tölvuheiminum aðallega í gegnum þessa þrívíddargrafík. Þú hefur ekkert verið að hjakast í Basic og Fortran og þessum gömlu forritunarmálum?

„Mjög lítið. Reyndar hef ég eitthvað forritað í Basic, bjó meðal annars til forrit til að halda utan um mælingar og rannsóknir á mjóli í Gná. Það forrit er ennþá notað.“

Tvennir tímar hjá Oz

Á sínum ferli hjá Oz upplifði Jónatan hvoru tveggja nokkur harðindi og gríðarlegan uppgang.

„Fljótlega eftir að ég byrjaði að vinna þarna varð útlitið mjög dökkt og þáverandi framkvæmdastjóri Oz lagði meira að segja til að fyrirtækið yrði leyst upp. Við fengum ekkert borgað eitt sumarið, hiti var tekinn af húsinu og það lá við að skrufað yrði fyrir rafmagnnið.“

En þegar Skúli Mogensen kom inn í fyrirtækið með sína peninga fóru hjólin að snúast. Ég sá byrjunina á þessu ævintrýri sem orðið er þjóðþekkt, þegar bréf í fyrirtækinu margfölduðust í verði og vöxturinn varð gífurlegur.

Oz hefur eflaust ekki staðið



undir væntingum allra sem þar fjárfestu, enda voru þessar væntingar kannski svoltið óraunhæfar. En fyrirtækið er í fullum rekstri ennþá og hvað sem um það má segja, er ljóst að Oz hefur verið útungunarstöð fyrir íslenskan tölvu- markað í fjölda ára. Út úr þessu fyrirtæki hefur komið gríðarlega margt hæft fólk sem hefur gert garðinn frægan annars staðar. Tölvubransinn á Íslandi væri ekki svipur í sjón ef Oz hefði ekki notið við.“

Stofnaði Inn með skólafélögum sínum

„Eftir að ég hætti hjá Oz fór ég í sumarfrí til Mallorca á Spáni. Þá höfðu menn hjá fyrirtækinu IntraNet heyrt af mér og vildu ráða mig. Fyrst höfðu þeir að vísu samband við afa minn og alnafna, en komust fljótlega að því að hann kann lítið á tölvur. Þeim tókst svo

að lokum að ná sambandi við mig.“

Ég var ráðinn sem grafískur hönnuður hjá fyrirtækinu og fór þá fyrst að vinna að vefhönnun að einhverju ráði. Þetta var árið 1997, en um það leyti voru gamlir félagar mínir úr Verslunarskólanum að stofna fyrirtæki. Þeir buðu mér að vera með, sem ég þáði, og saman stofnuðum við fyrirtækið Inn.“

Gífurlegar væntingar

– Og hvað gerir það?

„Inn er í rauninni vefyfyrirtæki. Okkur hefur gengið mjög vel að fá viðskiptavinum. Af 100 stærstu fyrirtækjunum sem halda úti vefum, sjáum við um 40. Dótturfyrirtæki Inn heitir Veraldarvefurinn og heldur úti nokkrum vel þekktum vefum, einkamal.is, reykjavik.com og gras.is svo nefnd séu nokkur dæmi.“

Vöxturinn hefur verið góður síðan fyrirtækið var stofnað. Við vorum frekar heppnir þegar sprotafyrirtæki alls staðar í heiminum hrundu í veðri, því stuttu fyrir fyrstu dýfuna á Nasdaq vísitölunni keypti Kaupþing 20% hlut í fyrirtækinu og dældi þar með fjármagn inn í það. Þessi hlutur kostaði yfir 100 milljónir, enda voru væntingarnar gífurlega miklar á þessum tíma.

Þetta aukna fjármagn gerði okkur kleift að standa af okkur mestu kreppuna í tölvuheiminum og fyrirtækið stendur nokkuð sterkt eftir. Að vísu eru starfsmenn ekki jafn margir og þegar best lét, en rekstur fyrirtækisins kom út með hagnaði síðasta ár, sem þykir bara þýsna gott í þessum bransa.“

Tók sér pásu

„Ég var að vinna hjá Inn til ársins 2000. Um það bil ári

áður höfðum við ákveðið að opna skrifstofu í London, enda stórhuga menn. Ég flutti út og sat þar á skrifstofu með mína ferðatölvu og átti að reyna að selja.“

Það kom á daginn að markaðurinn í London er mjög erfiður og afrek á Íslandi skipta þar ekki nokkru máli, enda líta Englendingar ekki á íslenskan markað sem neinn stökkpall.

Þegar ég var búinn að vera úti í níu mánuði var ég alveg kominn með nóg. Álagið var mjög mikið, en lítið sem ekkert áorkaðist. Þá ákvað ég að taka mér smá pásu og koma aftur heim til Bolungarvíkur.“

Gott kaffi ehf.

Jónatan kann vel við sig á sínum æskustöðvum. Þar hefur hann starfað hjá föður sínum í Gná, auk þess að vinna að vefhönnun fyrir einmenningsfyrirtæki sitt, Gott kaffi

Rúður brotnar í neyðarskýlum

Í síðustu viku var tilkynnt um að brotnar hefðu verið rúður í neyðarskýlum á Hrafnseyrarheiði og Dynjandisheiði. Að sögn Skúla Berg, rannsóknarlögreglumanns á Ísafirði, er ekki vítað með vissu hvenær rúðurnar voru brotnar. „Það er hálf nóturlegt þegar menn eru að vinna skemmdir á þessum skýlum“, segir Skúli. Ólíklegt er að rúðurnar hafi verið brotnar til þess að komast inn í skýlin, þar sem þau eru alltaf ólæst. Eigendum skýlanna, sem eru björgunarsveitir á svæðinu, hefur verið tilkynnt um skemmdarverkin. – halfdan@bb.is

Birna áfram forseti bæjarstjórnar

Birna Lárusdóttir var endurkjörin forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar á fundi bæjarstjórnar í síðustu viku. Tillaga kom frá meirihluta um Ragnheiði Hákonardóttur sem fyrsta varaforseta og frá minnihluta um Lárus G. Valdimarsson sem annan varaforseta. Voru þær samþykktar með atkvæðum allra bæjarfulltrúa, 9-0. Bæjarráð verður skipað Guðna G. Jóhannessyni og Birnu Lárusdóttur og Bryndísi Friðgeirsdóttur. Guðmundssonar sem áheyrnarfulltrúa á fundum bæjarráðs. – kristinn@bb.is

Grétar sigraði á fyrsta fimmtudagsmóti GÍ

Grétar Sigurðsson (GÍ) sigraði á fyrsta fimmtudagsmóti Golfklúbbs Ísafjarðar á þessu ári sem haldið var í síðustu viku. Grétar fékk 25 punkta en í 2.-4. sæti með 23 punkta voru þeir Þórir Þrastarson, Jóhann Ólafson og Ásgeir G. Gíslason. Af konum var Sólveig Pálsdóttir með besta skor eða 20 punkta. Fimmtudagsmótin eru jafnframt firmakeppni og er staðan eftir fyrsta mótið sú að Orkubú Vestfjarða er í 1. sæti með 25 punkta og í 2.-4. sæti eru Ölgerðin Egill Skallagrímsson, Rennex og Eiríkur & Einar Valur hf. með 23 punkta. – halfdan@bb.is

ehf.

„Fyrirtækið hefur gengið ágætlega. Að sjálfsgöðu má alltaf vera meira að gera, en ég hef þó fengið nokkur verkefni. Má þar nefna smíði nýs vefjar Bæjarins besta. Ég gerði líka vefi fyrir Fjórðungssamband Vestfjarða, Heilbrigðisstofnunina og Fræðslumiðstöðina svo nefnd séu dæmi.“

Veraldarvefurinn er í eðli sínu gagnvirkur

En er samkeppnin ekki orðin býsna hörð í tölvubransanum? Er alltaf nóg að gera fyrir vefhönnuði?

„Auðvitað hefur markaðurinn breyst og sprottið hafa upp veffyrirtæki út um allt. En kröfurnar eru orðnar miklu meiri og vefir fyrirtækja eru orðnir miklu máttugri. Í „gamla daga“ vorum við að búa til litlar heimasíður fyrir 50 þúsund kall, en nú er verið að hanna vefi sem hafa í raun allt annað hlutverk.“

Menn eru farnir að átta sig á því að það er ekki nóg að fá einhvern frænda sinn sem kann örlítið í vefforritun til að búa til vefinn. Ef þetta á að gera eitthvað gagn þarf fyrst að greina markmiðin og ákveða hverju vefurinn á að ná fram. Síðan taka við endurbætur á endurbætur ofan, því góður vefur krefst þess að vera stöðugt í þróun.

Oft vilja viðskiptavinir mínir strax gefa í botn og hafa allt mögulegt á vefnum. Þá stoppa ég þá oft af og bendi þeim á að betra er að byrja með því að bjóða grunnupplýsingar, sjá síðan hvað gestir vefjarins sækja mest í og bæta hlutina þar. Veraldarvefurinn er nefnilega í eðli sínu gagnvirkur.“

Líður betur en hann bjóst við

– En hvað ætlaðu að gera í nánustu framtíð?

„Ég ætla að halda áfram að reka og bæta mitt fyrirtæki. Ég stefni á að fara suður í haust, þar sem unnusta mín er að fara í skóla. Í tölvuheiminum skiptir engu máli hvar maður er staðsettur, svo ég get í rauninni rekið fyrirtækið hvaðan sem er.“

Ég verð fyrir sunnan í einhvern tíma. Annars líður mér mjög vel í Bolungarvík, eiginlega betur en ég bjóst við þegar ég flutti aftur heim. Þrátt fyrir margar neikvæðar raddir hefur mér fundist vera uppgangur á Vestfjörðum og hjartara yfir fólki.“

Rekstraraðila veitinghússins Kaffi Ísafjörður að Mánagötu 1 á Ísafirði

Heimilað að taka hluta munanna með beinni aðfarargerð

Rekstraraðila veitingahússins að Mánagötu 1 á Ísafirði hefur verið heimilað að taka með beinni aðfarargerð hluta þeirra muna sem voru í húsinu þegar veitingastaðurinn Gallery Pizza var þar staðsettur. Dómur þessa efnis var kveðinn upp í Héraðsdómi Vestfjarða. Kostnaður af rekstri málsins skiptist milli aðila, en málskostnaður er látinn falla niður. Athygli vekur að gerðarþoli

ákvað að verja sig sjálfur fyrir dómi.

Forsaga málsins er í stuttu máli sú að samkvæmt veðskuldaþréfi voru fasteignin og allir innanstokksmunir veðsettir og eignaðist Íslandsbanki húsið á nauðungarsölu. Fyrir ári keypti gerðarbeiðandi húsið af Íslandsbanka ásamt mununum.

Héraðsdómur úrskurðaði að ofangreind veðsetning væri

óheimil. „Samkvæmt þágildandi veðlögum nr. 18/1887, sbr. 1. mgr. 48. gr. laga nr. 75/1997, var slík veðsetning lausafjár ólögmet, sbr. 4. gr. laganna. Á þessum tíma voru í lögum nokkrar undanþágur frá þessu banni, sem ekki verður séð að eigi hér við“, segir í dómnum.

Íslandsbanki lét á sínum tíma gera skrá yfir þau tæki og áhöld sem fylgja áttu fast-

eigninni og byggði gerðarbeiðandi kröfu sína á þeirri skrá, en gerðarþoli vildi meina að hluti tækjanna væri persónuleg eign. „Gegn mótmælum gerðarþola hefur gerðarbeiðandi ekki sýnt fram á með þeim gögnum sem hafa verið lögð fram í þessu máli að eignarréttur Íslandsbanka h.f., sem hann leiðir rétt sinn frá, hafi verið nægilega skýr og ótví- ræður til að hin umbeðna gerð

verði heimiluð. Ber því að synja um framgang hennar hvað varðar þá muni sem gerðarþoli hefur ekki samþykkt að afhenda, sbr. 3. mgr. 83. gr. laga nr. 90/1989, enda hefur ekki heldur verið nægilega sýnt fram á að einhverjir þeirra geti talist fylgifé fasteignarinnar Mánagötu 1, Ísafirði“, segir í niðurstöðu úrskurðar Héraðsdóms Vestfjarða.

halfdan@bb.is

Þorgrímur Þráinsson framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar

„Heillaður af umhverfi ungs fólks á Ísafirði“

Þorgrímur Þráinsson framkvæmdastjóri Tóbaksvarnarnefndar heimsótti Ísafjörð í síðustu viku ásamt Viðari Jenssyni starfsmanni nefndarinnar. Funduðu þeir með öllum helstu aðilum er koma að forvörnum og málefnum ungs fólks á svæðinu.

„Í stuttu máli var ég heillaður af þessu umhverfi og hvernig er staðið að málefnum ungs fólks á Ísafirði. Við áttum fundi á átta stöðum og það er augljóst að hér er vel á málum haldið. Einna mest kom mér á óvart þessi tilkynningarskylda skóla, lögreglu og annara aðila er koma að málefnum ungs

fólks um það þegar krakkar eru að reykja eða gera eitthvað annað óæskilegt“, segir Þorgrímur.

Starfsmenn tóbaksvarnarnefndar funduðu með fulltrúum nemenda í Menntaskólanum á Ísafirði og ungmennum frá Gamla apótekinu. „Þetta eru fulltrúar ungu kynslóðarinnar, fólk á aldrinum 16 til 21 árs, og eru augljóslega mjög sáttt við þetta aðhald sem þau finna fyrir og segjast hafa séð mikla breytingu á umhverfinu.“

„Það má segja að Ísafjörður sé fyrirmynd um það hvernig eigi að standa að málefnum

barna og unglinga og greinilega er mikill skilningur hjá foreldrum á því að svona sé staðið að málefnum barna þeirra“, segir Þorgrímur.

Síðasta könnun sem gerð var á reykningavenjum grunn-skólanema sýnir að vestfirskir unglingar reykja minnst á landinu ásamt jafnöldrum þeirra í Vestmannaeyjum.

„Þetta kemur mér ekki á óvart miðað við það starf sem unnið er að svæðinu, a.m.k. það sem ég sá á Ísafirði. Við fáum oft fyrirspurnir frá foreldrafélögum og öðrum um hvernig best sé að standa að málum og veita aðhald. Núna

eftir þessa heimsókn get ég bent á nöfn nokkura aðila sem greinilega eru mjög framarlega á þessu sviði.“

Umrædd könnun á reykningavenjum var gerð á skólaárinu 2001/2002. Hlynur Snorrason, lögreglufulltrúi og verkefnisstjóri hjá VáVest vímuevarnarhópnum á norðanverðum Vestfjörðum, segist hafa grun um að reykningar unglinga hafi aukist nokkuð aftur síðasta vetur og greinilega þurfi að halda vel á spöðunum til að varðveita þann árangur sem náðst hafi.

Þorgrímur vill hvetja fólk á svæðinu til að halda áfram af fullum krafti í forvarnavinnunni. „Heilbrigðir krakkar eru

fjárfesting til framtíðar. Við höfum séð stórstígar framfarir á fjögurra ára tímabili, á milli kannana, og vonandi heldur fólk sókninni áfram. Ég var mjög upp með mér að sjá hvernig er unnið að málum hérna enda vitum við að krakkarnir vilja fá að vinna í aðhaldi, aga og öruggu umhverfi. Þessi málefni hafa fengið mikinn stuðning frá bæjaryfirvöldum sem hefur gert mönnum kleift að láta verkin tala og er að skila árangri. Auðvitað koma alltaf einhverjir hópar sem eru ekki á þessari línu en í heildina er árangurinn góður“, sagði Þorgrímur.

kristinn@bb.is



Jón Björnsson, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar á Ísafirði, Viðar Jensson og Þorgrímur Þráinsson ásamt unglungum úr vinnuskólanum.

Ölvaður skipverji og ökumaður á negldum

Aðfaranótt föstudags var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um ofurólvi mann á Silfurtorgi sem þótti líklegur til alls. Maðurinn var áhafnarmeðlimur á skipi sem staldraði við á Ísafirði. Lögregla kom á staðinn, róaði manninn og ók honum til skips síns. Þetta kemur fram í dagbók lögreglunnar á Ísafirði. Lögreglan hafði einnig nokkur afskipti af ökuhöfðingjum í liðinni viku. Einn var tekinn fyrir að aka á negldum hjólbörðum. Þykir það með ólíkindum að seint í júnímánuði skuli einhver telja það vissara að aka um á negldum dekkjum. – halfdan@bb.is

Mótsskrifstofa opnuð og starfsmenn ráðnir

Skrifstofa Unglingalandsmóts UMFÍ á Ísafirði var formlega opnuð á fimmtudag en hún er til húsa við Hrnannagötu 2. Gunnar Þórðarson og Þuríður Sigurðardóttir hafa verið ráðin til að vinna að undirbúningi mótsins en eins og fram hefur komið fer það fram um komandi verslunarmannahelgi. Gert er ráð fyrir að miklum fjölda gesta til Ísafjarðar í tilefni mótsins en mikið kynningarstarf fer fram um allt land. M.a. verður gefið út landsmótsblað og verður því dreift í 20 þúsund eintökum frá 1. júlí. – kristinn@bb.is

Teflt við páfann utan við hús á Hnífsdalsvegi

Prestur Marselliussyni sem rekur blikksmiðju í Ásgarði við Hnífsdalsveg á Ísafirði brá heldur betur í brún á miðvikudag í síðustu viku er hann sá að einhver hafði gert þarfir sínar fyrir utan gluggann hjá honum. Mun það vera af mannavöldum enda fáheyrt að önnur dýr noti salernispappír þegar þau hafa gengið örna sinna. Verknáðurinn hlýtur að teljast með furðulegasta móti en Þróstur álitur að sá sem þarna var að verki hafi ekið bíl sínum bakvið húsið til að vera í skjóli fyrir augliti annarra vegfarenda. – kristinn@bb.is



SÆLKERAR VIKUNNAR

ERU KRISTJANA HINRIKSDÓTTIR
OG ATLI FREYR KJARTANSSON

Tvær uppáhalds grilluppskriftir

Við ætlum að deila með ykkur þeim uppskriftum sem hafa slegið í gegn hjá okkur á grillinu í sumar, þær eru mjög einfaldar og alveg rosalega góðar.

Þverskorið Lambalæri með rauðlaukssmjöri

- 1 lambalæri
- 1-2 hvítlausrif (má sleppa)
- 1 dl saxaður rauðlaukur
- 150 g smjör
- 1 dl rauðvín
- 2 msk sítrónusafi
- salt og nýmalaður pipar

Saxið laukinn smátt og steikið í örliðu smjöri (brúnið ekki). Hellið rauðvíninu yfir, sjóðið í 2-3 mínútur og kælið. Hrærið smjörið þar til það er mjúkt, bætið lauknum saman við og bragðbætið með sítrónusafa, salti og pipar.

Skerið djúpa skurði, með 1 cm millibili, þvert á lærið báðum megin, þannig að skurðurinn nái næstum niður að leggbeininu. Skerið hvítlaukinn frekar smátt og setjið í rifurnar. Kryddið kjötið með salti og pipar.

Grillið lærið við góðan hita fyrstu 15 mínúturnar. Færið það síðan ofar á grillið og steikið í um 40 til 60 mínútur. Penslið kjötið nokkrum sinnum með rauðlaukssmjörinu síðustu 30 mínútur steikingartímans.

Grillaðar kjúklingabringur með kryddjurtum



Kristjana Hinriksdóttir.

- 4 kjúklingabringur, beinlausar og hamflettar
- 2 msk ólífuolía
- 1-2 límónur
- 3-4 msk ferskar kryddjurtir, t.d. basilíka, estragon, timjan, mynta eða steinselja
- 1 hvítlaugsgeiri, saxaður eða pressaður nýmalaður pipar og salt

Setjið kjúklingabringurnar á disk. Kreistið safann úr límónunum og setjið í matvinnsluvél ásamt olíu, kryddjurtum, hvítlaug og pipar. Þeytið saman í nokkuð slétt mauk. Smyrjið því á báðar hliðar kjúklingabringanna og látið þær liggja í leginum a.m.k. 1 klst. Grillið kjúklingabringurnar í 3 til 5 mínútur á hvorri hlið. Penslið afganginum af leginum á bringurnar meðan þær eru að eldast og saltið. Verði ykkur að góðu.

Að lokum viljum við skora á Steinþór Bjarna Kristjánsson skrifstofustjóra hjá Kambi ehf og Hildi Halldórsdóttur kennara við Menntaskólann á Ísafirði að vera næstu sælkerar.

Krabbameinsfélagið Sigurvon á Vestfjörðum

Vel heppnaður fjölskyldu- og kynningardagur á Ísafirði

Á fimmta tug gesta sóttu fjölskyldu- og kynningardag krabbameinsfélagsins Sigurvonar í Sigurðarbúð á Ísafirði á laugardag.

„Þetta tókst mjög vel, en þetta var í fyrsta skipti sem svona er gert og við óðum svolítið blint í sjóinn með þetta“, segir Sigurður Ólafsson hjá Sigurvon. „Við buðum upp á kaffi og vöffur með rjóma og gáfum börnunum ís. Svo komu strákar úr björgunarsveitinni á gúmmibátum og fóru með börnin í rúnt um

Pollinn. Tveir trúðar vöktu líka mikla lukku meðal barnanna.“

„Við viljum þakka þeim sem gerðu okkur kleift að gera þetta, en Mjólkurstöðin gaf okkur rjóma, mjólk og ís, Kiwanisklúbburinn lánaði okkur húsið og Coca-Cola umboðið gaf drykki“, segir Sigurður. „Við viljum líka þakka þeim sem komu og heimsóttu okkur. Þetta tókst það vel að við stefnum á að gera þetta aftur.“

halfdan@bb.is

Farið var með börnin í sjóferð um Pollinn. Ljósmynd: Þorsteinn J. Tómasson.



Sæluhelgin á Suðureyri með hefðbundnu sniði

Dagskrá hinnar árlegu sæluhelgar á Suðureyri liggur nú fyrir. Hátíðin verður haldin dagana 10.-13. júlí, eða aðra helgi mánaðarins líkt og áður. Dagskráin er með hefðbundnu sniði og hefst eins og venjulega með kassabíllarallyi og frumsýningu leikverks í upp færslu leikfélagsins Hallvarðs súganda. Keppt verður í hefðbundnum og óhefðbundnum íþróttagreinum á hátíðinni og eru glæsileg eignarverðlaun í boði fyrir sigurvegarana. Til að standa straum af kostnaði vegna hátíðarinnar verða seld sæluhelgarmerki á 900 krónur. – halfdan@bb.is

Glámumenn vilja ráða sumarstarfsmann

Golfklúbburinn Gláma á Þingeyri hefur hug á því að ráða sumarstarfsmann við Meðaldalsvöll og hefur óskað eftir styrk frá Ísafjarðarbæ sem nemur væntanlegum launum hans. Jafnframt er farið fram á heimild til að nýta starfsmenn vinnuskólans á Þingeyri til umhirdu á vellinum í nokkra daga í sumar. Bæjarráð hefur vísað erindinu til gerðar næstu fjárlagaáætlunar og hefur óskað umsagnar íþrótt- og æskulýðsnefndar um efnið. Þá er bæjarstjóra falið að ráða við fulltrúa Golfklúbbsins Glámu. – halfdan@bb.is

MAÐUR VIKUNNAR

Ætlaði að verða leikari eða atvinnumaður í fótbolta



Nafn: Kristján Jónsson.
Fædd/-ur, hvar og hvenær: Á fæðingardeild Landspítalans 9. ágúst 1977.

Atvinna: Er í sumarstarfi sem verkefnisstjóri hjá Ísafjarðarhöfn, en stunda nám í stjórn málafræði við HÍ.
Fjölskylda: Foreldrar mínir eru þau Jón Friðgeir Einarsson og Margrét Kristjánsdóttir í Bolungarvík. Á þrjú hálf systkini samfeðra, Margréti, Einar Þór og Ásgeir Þór.

Helstu áhugamál: Íþróttir, stjórnmál og lífsins lystisendir. Eyði auk þess drjúgum stundum í að hlusta á tónlist og fylgjast með fjölmiðlum, eins og dagblaðalestur og sjónvarpsgláp.

Bifreið: Nissan Micra sem var margverðlaunum framleiðsluárið 1993. Ég tala því Micra svo vitnað sé í auglýsingu.

Hvernig bíl vildir þú helst eiga? Nýjan Nissan Micra. Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú varst lítill? Á einhverju tímabili ætlaði ég að gerast leikari en einnig var stefnan sett á atvinnumennsku í knattspyrnu með íþróttafréttamanninn til vara. 50% af síðara markmiðinu hefur ræst.

Uppáhalds matur? Soðin ýsa er klassík, en einnig er ómissandi að halda í fjölskyldu hefðir á tyllidögum, eins og skötuna á Þorláksmessu og rjúpur á aðfangadag.

Versti matur sem þú hefur smakkað? Spælegg, beikon og bakaðar baunir fóru ekki of vel í mig kl. 8 að morgni í London eftir að hafa rölt nokkurn spöl með Bakkusi kvöldið áður.

Uppáhalds drykkur? Gamalt maltvísir er í uppáhaldi þessa dagana, en til að fyrirbyggja allan miskilning þá er það nú ekki hversdagsdrykkur hjá mér.

Uppáhalds tónlist? Píánómelódíur Sværiss Stormskers þegar honum tekst vel upp. Til að friða yfirmann minn verð ég einnig að nefna nýjustu afurð Bolvíkingsins Mugison.

Uppáhalds íþróttamaður eða félag? Held tryggð við uppeldisfélag mitt UMFB. Af íslenskum íþróttamönnum get ég nefnt Ragnar Óskarsson, handknattleiksmann og Guðmund Benediktsson, knattspyrnumann.

Uppáhalds sjónvarpsfærni? Hef einstaklega gaman af myndum framhaldspáttum eins og Simpson, Seinfeld og Friends. Horfi einnig mikið á íþróttþætti og þætti tengda sögu og pólitík.

Uppáhalds vefsíðan? Vefþjóðviljinn og Baggalútur eru í mestu uppáhaldi. En mest nota ég þó mbl.is og bb.is

Besta kvikmynd sem þú hefur séð? Meðan laufin sofa liggja spaðarnir andvaka.

Fallegasti staður hérlendis? Fyrir utan Bolungarvík dettur mér helst í hug þar sem Hótel Búðir eru staðsettar á Snæfellsnesi.

Fallegasti staður erlendis? Old Trafford í Manchester. Ertu hjátrúarfull(ur)? Já, mjög. Það birtist skýrt í kringum íþróttaiðkun mína.

Uppáhalds heimilistækni? Erfitt að segja en ameríska rúmið er tvímælaust það þægilegasta.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir? Njóta lífsins með vinum og kunningjum.

Hvað fer mest í taugar á þér og hvers vegna? Populismi sem mér finnst íslenskir stjórnmálamenn grípa fullmikið til.

Hvað gerir þú til að láta þér líða vel? Tylli mér með maltvísir og vindil fyrir framan arininn hjá gamla settinu og sett eitthvað gott undir geislaun.

Áttu þér leyndan draum sem þú ætlar að láta rætast? Já, það er alltaf nauðsynlegt að setja sér háleit markmið og láta svo þau vaða.

Hvað er það neyðarlegasta sem þú hefur lent í? Ég vatt með eitt sinn upp að Bolla Kristinssyni verslunarmanni í samkvæmi og ávarpaði hann Júlíus, en hann og Júlíus Ingvarsson fyrrverandi borgarfulltrúi eru frekar líkir í útliti. Bolla er greinilega mikill diplómat því hann gerði enga tilraun til þess að leiðrétta miskilninginn og svaraði skilmerkilega öllum spurningum mínum um borgarmálin.

Ef þú værir bæjarstjóri í einn dag, hverju myndir þú breyta? Keyra í gegn launahækkun hjá hafnarstarfsmönnum.

Lífsmóttó? Hver birgðar maður ber / reynir í bakkann hver / að klóra. / Í sannleika segi ég þér, / tilgangur lífsins er, / að tóra.

Fornleifafræðingar telja sig hafa fundið skála frá landnámi



Ragnar Edvardsson við uppgröft í Bolungarvík fyrir skömmu.

Fornleifafræðingarnir Ragnar Edvardsson, Ruth A. Maher og Oddgeir Hansson telja sig hafa fundið skála frá landnámi við uppgröft í Vatnsfirði í Ísafjarðardjúpi. Verið er að grafa könnunarskurði, í tengslum við ráðstefnuna Vestfirðir afstöð íslenskrar sögu, til að leita að vænlegum stöðum fyrir frekari rannsóknir. Þegar hafa verið teknir tveir skurðir af fjórum en graf-ið var í sporöskjulaga rúst sem

er 15 x 6 m að stærð á yfirborðinu að sögn Ragnar.

„Þarna virðist vera lífill skáli en við höfum fundið torfveggi, eldstæði og stoðarholur. Það lítur út fyrir að búseta hafi ekki verið lengi í skálanum en þar eru þunn gölfög. Við erum að leika okkur með þá hugmynd að þetta sé fyrsti skálinn sem var byggður þarna“, segir Ragnar.

„Sterkar líkur eru á því að þetta sé skáli en við eigum

eftir að skoða málið nánar og fá niðurstöður úr aldursgreiningu. Vandamálið við uppgröft á Vestfirðum er að hér eru engin gjóskulög til að miða við. En ef þetta reynist skáli þá er það merkilegur fundur því í Vatnsfirði eru minjar um byggð frá 10. öld“, sagði Ragnar.

Fornleifafræðingarnir verða áfram við uppgröft næsta hálfu mánuðinn en í framhaldinu gefa þeir út skýrslu þar sem línur eru lagðar um áframhaldandi rannsóknir í Vatnsfirði.

kristinn@bb.is



Arný Einarsdóttir og Erna Jónsdóttir sóttu stæðilega barrviði.

Fjölmörgum trjáplöntum bjargað undan jarðýtum

Fjölmargir lögðu leið sína í hlíðina ofan við Seljalandshverfi á Ísafirði um liðna helgi og stungu upp trjáplöntur sem Skógræktarfélag Ísafjarðar hefur gróðursett þar á liðnum árum. Framkvæmdir við snjó-

flóðavarnargarð eru að hefjast á svæðinu en eins og greint var frá á bb.is, heimiluðu skipulagsyfirvöld í Ísafjarðarbæ bæjarbúum að sækja sér plöntur í hlíðina og bjarga þeim þannig frá eyðileggingu. Einhverjir stungu upp

trjáplöntur í pallbílavís en aðrir sóttu færri. Óvíst er hvernig plöntunum reiðir af úr flutningunum en vonandi verða þær áfram til þróði, á nýjum stöðum, í görðum bæjarbúa. kristinn@bb.is

Fasteignamarkaðurinn á Ísafirði

Hefur verið á uppleið í ár

Góð hreyfing hefur verið á fasteignum á norðanverðum Vestfirðum á árinu og eru fasteignasalar sammála um að nokkuð líflegt hafi verið á markaðnum.

„Þetta hefur allt verið á uppleið, hægt og rólega. Mitt markaðssvæði er aðallega Ísafjarður og þar hefur verið ágæt sala. Verð fasteigna er heldur að þokast upp á við, en það hefur ekki gerst lengi. Eins og fyrri daginn seljast stærri eignir betur, en þær minni eru líka

farnar að hreyfast núna“, segir Tryggvi Guðmundsson, fasteignasali á Ísafirði.

Amar G. Hinriksson er sam-mála kollega sínum og segir Ísafjörð vera að taka við sér. „Það hefur verið aukin eftirspurn eftir minni eignum, en mikið af ungu fólki hefur verið að leita sér að íbúð á Ísafirði. Á vesturfjörðunum hefur eignum sem eru til sölu fækkað, en í Bolungarvík er ákveðin kyrrstaða“, segir Amar Geir.

halfdan@bb.is

Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

Skipulagði tíu ferðir fyrir erlenda fjölmiðlamenn

